

Húsakönnun í miðbæ Akureyrar



Hanna Rósa Sveinsdóttir og Hjörleifur Stefánsson

Janúar 2009

Húsakönnun í hluta Hafnarstrætis og Skipagötu

Áfangaskýrsla 1.

Formáli:

Húsa- og byggðakönnunin er unnin að beiðni Skipulagsyfirvalda Akureyrarbæjar vegna endurskoðunar á hluta af núgildandi deiliskipulagi miðbæjarins, sem unnið er að í framhaldi af alþjóðlegri samkeppni um skipulag nýs miðbæjar á Akureyri sem haldin var árið 2007. Í þeirri keppni varð tillaga skoska arkitektsins Graeme Massie hlutskörpust og í framhaldi hefur verið unnið áfram að mótun deiliskipulagstillögunnar í samráði við skipulagsyfirvöld Akureyrarbæjar. Í stórum dráttum gerir verðlaunatillega hans ráð fyrir að gert verði síki frá Pollinum sem nái til vestur í gegnum Skipagötu í átt að Hafnarstræti og myndi nýjan austur/vestur ás á þessu svæði. Tillagan snertir nokkur hús á þessu svæði með þeim hætti að nauðsynlegt er að meta varðveislugildi þeirra. Um er að ræða þrjú hús norðarlega við austanvert Hafnarstræti, þ.e. Hafnarstræti 102, 104, 106, auk þriggja húsa við Skipagötu vestanverða, þ.e. Skipagötu 4, 6 og 8.

Við gerð deiliskipulags eldri hverfa ber samkvæmt skipulagslögum að láta fara fram húsakönnun þar sem lagt er mat á varðveislugildi byggðarinnar. Í því tilviki sem hér um ræðir var ljóst að skipulagstillagan sem unnið er að stefndi ekki í hættu þeirri byggð sem fyrir er á svæðinu nema að takmörkuðu leyti. Ákveðið var að húsakönnunin skyldi gerð í tveimur áföngum og í þeim fyrri skyldi lagt mat á þau hús sem skipulagstillagan snertir öðrum fremur eigi skipulagstillagan að ná fram að ganga.

Í þessum áfanga verður því aðeins metið varðveislugildi fyrrnefndra húsa við Hafnarstræti og Skipagötu. Síðari áfangi húsakönnunarinnar mun ná til allra annarra húsa á skipulagssvæðinu. Engu að síður er óhjákvæmilegt að skoða byggðina á svæðinu í heild þar sem gildi einstakra húsa verður alltaf að vega og meta með tilliti til framlags þeirra til varðveislu heildarinnar s.s. götumynda. Af þeim sökum er stiklað á stóru í byggingarsögu miðbæjarins og skipulagi hans. Leitast er við að greina og draga fram þau atriði sem skipulagshugmyndir hvers tímaskeiðs hafa markað á ásýnd miðbæjar Akureyrar. Vert er að taka fram að að heildstæð söguleg samantekt á skipulagi og skipulagshugmyndum um miðbæinn er ekki fyrir hendi og sá tímarammi sem þessari húsakönnun var markaður leyfir ekki ítarlegri rannsóknir.

Húsakönnunin byggir á þeirri aðferðarfræði sem mótað hefur hér á landi við verk af þessu tagi. Fyrsta könnun af þessu toga var gerð í Reykjavík árið 1968 og síðan hafa þær verið gerðar margar víða um land

og ávallt hefur verið byggt á þeirri reynslu sem smám saman hefur safnast saman. Á sama tíma hefur viðhorf til húsverndar breyst sem endurspeglar breytingu á gildismati samfélagsins.

Könnunin skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er söguleg samantekt um þróun og mótun byggðarinnar. Í öðrum hluta er lagt mat á varðveislugildi byggðarinnar í heild sinni og hvers húss um sig. Í þriðja hlutanum er húsaskrá þar sem gerð er grein fyrir helstu atriðum um hvert hús fyrir sig.


Húsakönnunin er unnin í samstarfi Minjasafnsins á Akureyri og Hjörleifs Stefánssonar arkitekts. Hanna Rósa Sveinsdóttir, sérfræðingur á Minjasafni Akureyrar sá um heimildaöflun og ritaði sögulega þáttinn, bæði hvað varðar sögu miðbæjarins og einstakra húsa, en Hjörleifur Stefánsson sá um varðveislumatið. Hörður Geirsson sérfræðingur á Minjasafninu á Akureyri sá um myndaöflun, fann til gamlar ljósmyndir og tók nýjar ljósmyndir á vettvangi.

Miðbæjarsvæðið:

Miðbæjarsvæði Akureyrar er afmarkað á skipulagsuppdrætti miðbæjarins árið 1981. Suðurmörk þess eru við Barðsnef og nær það norður fyrir Akureyrarvöll. Austurmörkin eru við strandlínuna og Glerárgötu en vesturmörkin eru við brekkubrúnina og þau teygja sig vestur fyrir sundlauginu í Kaupvangsgilinu.

Sú deiliskipulagstillaga sem hratt af stað þeirri húsakönnun sem hér er kynnt nær hins vegar aðeins til hluta af hinu eiginlega miðbæjarsvæði. Mörk deiliskipulagsins eru dregin á meðfylgjandi uppdrætti, en þau eru við Kaupvangsstræti að sunnan en Ráðhústorg og Strandgötu að norðan. Vesturmörk svæðisins eru dregin eftir Hafnarstræti þannig að húsaröðin vestan götunnar eru utan þess. Að austan eru mörkin dregin við strandlínuna og Glerárgötu.

Planning boundaries in Akureyri town centre I



Deiliskipulagssvæðið, annars vegar eins og það er samkvæmt skilgreiningu núgildandi deiliskipulags og hinsvegar mörk þess í endurskoðaðri deiliskipulagsgerð. Birt með góðfúslegu leyfi frá Alta.

Á miðbæjarsvæðinu hafa orðið miklar breytingar á byggingarháttum á seinni hluta 20. aldar. Timburhúsin sem upphaflega voru byggð í miðbænum hafa vikið hvert af öðru. Sum hafa orðið eldi að bráð en önnur verið rifin og vikið fyrir stærri steinsteyptum húsum. Þetta er sérstaklega áberandi við þann hluta Hafnarstrætis sem afmarkast af Kaupvangsstræti í suðri og Ráðhústorgi í norðri. Nú eru engin timburhús eftir við vestanverða götuna. Við suðurenda Brekkugötu og við Ráðhústorg standa enn nokkur timburhús sem reist voru í byrjun 20. aldar en sum þeirra eru mikið breytt frá upphaflegri gerð. Við norðanverða Strandgötu, neðan Geislagötu er líka að finna röð timburhúsa. Í stað stakstæðra timburhúsa sem settu mark sitt á bæjarmyndina í byrjun 20. aldar hafa risið samstæð, randbyggð steinsteypt hús. Þetta er sérstaklega áberandi norðan Kaupvangsstræti við vestanvert Hafnarstræti en einnig við Ráðhústorg og Skipagötu. Flest húsa á þessum stöðum voru byggð á fjórða og fimmta áratug 20. aldar. Sum þeirra voru nokkur ár í byggingu og önnur eru enn ókláruð t.d hús við austanvert

Ráðhústorg. Algengast er að húsin séu þrjár til fjórar hæðir og algengt að efsta hæðin sé inndregin með svölum meðfram langhlið að götu. Í húsum miðbæjarins hefur löngum verið blönduð starfsemi. Á jarðhæð hefur jafnan verið verslun og þjónusta en íbúðir á efri hæðum.

Bæjarmynd Akureyrar hefur að miklu leyti mótast af landslaginu, þröngri spildu með sjónum, brattri brekku og sléttara landi ofan hennar. Einnig giljum sem skerast inn í brekkuna frá sjónum og lítilsháttar sléttlendi á eyrum framan við lækjargilin. Sléttlendið á Oddeyrinni og framburður Glerár eru hlutar þessa landslags en þar að auki hafa manngerðar jarðvegsfyllingar fram í sjóinn ekki síst mótað bæjarmyndina í umtalsverðum mæli.



Loftmynd af Akureyri frá 1943. Nær allt svæðið austan við Hafnarstrætið er uppfylling sem gerð hefur verið í áföngum alla 20. öldina.

Mikill meirihluti þess svæðis sem deiliskipulagstillagan og húsakönnunin nær til er landfylling. Nánast allt svæðið austan Hafnarstrætis er skapað af mönnum. Aðeins framan við Grófargilið var náttúrleg eyri sem mynduð var af framburði Torfunefslækjar. Öll húsin við Hafnarstræti og Skipagötu sem könnunin nær til standa á uppfyllingu.

Saga miðbæjarins á Akureyri:

Í lok 19. aldar var Akureyrarbær tvískiptur af landfræðilegum ástæðum. Eldri hluti bæjarins var á hinni eiginlegu Akureyri sem mynduð var af lækjarframburði úr Búðagili. Byggingaland var mjög takmarkað á sjálfri eyrinni og byggðin teygði sig smám saman í einfaldri röð inn með fjörunni til suðurs og síðar norður fyrir eyrina. Þegar leið á seinni hluta aldarinnar þraut byggingarland í Innbænum og þrátt fyrir viðleytni til að bæta þar úr með landfyllingum þá hófst byggð á Oddeyri og um aldamótin hafði myndast þar annar bæjarhluti.

Á milli bæjarhlutanna voru tvö nef sem sköguðu fram í Pollinn, annars vegar Torfunef og hinsvegar Barðsnef.



Vegurinn á milli Akureyrar og Oddeyrar lá um Barðsnef. Húsið til hægri er Barnaskólinn, reistur 1900.

Leiðin milli bæjarhlutanna tveggja var illfær lengi vel, brött ísaldarbrekka á aðra vegu og fjöruborðið á hina. Árið 1892 var loks ráðist í gerð vegar milli bæjarhlutanna á Akureyri og Oddeyri og í framhaldi vöknúðu umræður um hvar miðbær Akureyrar skyldi verða. Sumir sáu nýjan miðbæ fyrir sér á Barðsnafi.

Þar risu opinberar byggingar um aldamótin 1900 eins og barnaskólinn (Hafnarstræti 53) og Samkomuhúsið (Hafnarstræti 57, sem gegndi hlutverki ráðhúss um skeið) auk bústaðar amtmannsins í Barðslaut. Aðrir töldu að of

þröng yrði um nýjan miðbæ á Barðsnafi og sáu fyrir sér nýjan miðbæ á Torfunefi. Þar var meira landrými sem þó var mjög af skornum skammti. Það var þó ekki einungis landrýmið sem markaði þróun og staðsetningu miðbæjarins heldur einnig staðsetning hafnarinnar.

Árið 1894 reis fyrsta íbúðarhúsið, Hafnarstræti 91, á Torfunefi vestan við götuna sem þá tengdi saman bæjarhlutanna Akureyri og Oddeyri. Á næstu árum fjölgaði húsum á Torfunefi og við Hofsbótina smám saman. Aðeins fáum árum síðar eða laust eftir aldamótin 1900 var gerð ný og stór bryggja fram af Torfunefi en fram að þeim tíma voru helstu hafskipabryggjur Akureyrar austan við Túliníusar- og Höepfnershúsin í Innbænum. Höfnin var lífæð miðbæjarins og þar sem aðalbryggja bæjarins var staðsett þar var miðbæjarlífið. Smám saman fluttist þungamiðja bæjarins að Torfunefi, enda var þar auðveldara um byggingarlóðir og staðurinn á milli bæjarhlutanna tveggja eins og fyrr segir.

Fleiri þættir ýttu undir þessa þróun eins og breyttir viðskiptahættir, stærri skip, tilkoma nýrra framleiðslufyrirtækja og fjölgun íbúanna. Smám saman lét gamli miðbærinn á hinni gömlu Akureyri í Innbænum undan í samkeppninni við hinn nýja miðbæ á Torfunefi uns hinn nýi miðbær hafði yfirtekið hlutverk þess gamla.



Húsið sem snýr stafni í suður er fyrsta húsið sem reist var á Torfunefi árið 1894. Það var rífið þegar stórhýsi KEA var reist um 1930. Ljósmynd H.E



Litla húsið fyrir miðri mynd er Hafnarstræti 90, hús Pöntunarfélags Eyfirðinga. Ljósmynd H.E.

Skipulagshugmyndir miðbæjarins í sögulegu ljósi

Í fyrstu var skipulag miðbæjarins á Akureyri sjálfsprottið í þeirri merkingu að það tók mið af þörfum samfélagsins á hverjum tíma en var ekki framkvæmt eftir formlega samþykktum skipulagsupprætti. Sá sem hug hafði á að reisa hús sendi umsókn þess efnis til byggingarnefndar sem tók afstöðu til erindisins og mældi út fyrir lóðinni á staðnum.¹

Þegar árið 1895 virðast bæjaryfirvöld vera farin að leggja línur að einhverskonar formlegu skipulagi yfir bæjarlandið. Þá virðist hafa verið komið fram plan yfir Oddeyri sem byggingarnefndin fór eftir en aftur á móti var ekkert plan til yfir hinn bæjarhlutann, Akureyri.² Árið 1898 virðast yfirvöld vera farin að huga að skipulagi miðbæjarins á Torfunefi með formlegri hætti því þá ákvað byggingarnefndin lóð á Torfunefi fyrir hús Pöntunarfélags Eyfirðinga (nú Hafnarstræti 90) mældi lóðina út og færði inn á kort.³

Seinna sama ár kemur fram að nefndin hafði til hliðsjónar uppkast af skipulagi yfir Torfunef eftir Pál Briem amtmann, en honum virðist hafa verið mjög umhugað um skipulag byggðar á Akureyri.⁴ Af fundargerðum byggingarnefndar sumarið 1900 að dæma hefur amtmaður ýtt á eftir nefndinni að hún léti ganga frá



skipulagi byggðar milli Oddeyrar og Akureyrar en nefndin taldi ekki ástæðu til þess að gera það þar sem hún hefði ekki fengið hinn nýja uppdrátt af bænum.⁵

Uppdrátturinn sem nefndin vísar til er
að öllum líkindum uppdráttur af
Akureyri sem Aðalsteinn Halldórsson

Eins og sjá má á skipulagsupprætti Aðalsteins Halldórssonar frá 1900 eru risin tvö hús sunnan Grófargils og Torfunefs og fimm hús norðan þess. Til gamans má geta að 15. desember 1900 var haldinn almennur fundur á Akureyri til að gefa götum bæjarins nöfn og þar var vegurinn frá húsi bræðranna Magnúsar og Friðriks Kristjánssona á mótum Fjörunnar og Innbæjarins (nú Hafnarstræti 2) og alla leið norður í bót nefndur Hafnarstræti.¹ Uppdrátturinn er varðveittur á Héraðsskjalasafninu á Akureyri.

¹ Hskjs. Ak. Sjá fundargerðir byggingarnefndar Akureyrar.

² Hskjs.Ak: Fundarg. byggingarnefndar 17. apríl 1895. Svarbréf til Páls Briems amtmanns.

³ Hskjs. Ak. Fundargerðir byggingarnefndar; 25. apríl 1898

⁴ Sjá m.a. bréf hans dags. 11. mars 1895 til bæjarfóttgetans á Akureyri. Bréf hans til byggingarnefndar 22. apríl 1899 og grein hans í Norðurlandi 13. feb. 1904.

⁵ Hskjs. Ak: Fundargerðir bygginganefndar;16. júní 1900.

tóvélastjóri gerði fyrir bæjaryfirvöld á Akureyri árið 1900. Hann náði yfir hluta bæjarins þ.e. frá mótum Hafnarstrætis og Aðalstrætis í Innbænum og að Grófargili og var samþykktur sem skipulagsuppdráttur af bæjarstjórn í mars 1902⁶ Byggingarnefnd átti að halda sig við hann þegar hún mældi út byggingarlóðir.

Næstu ár hélt Stefán Kristjánsson áfram mælingu og kortagerð fyrir bæjaryfirvöld. Árið 1901 gerði hann kort yfir Oddeyri og árið 1903 gerði hann skipulagskort yfir brekkurnar ofan við Oddeyri. Á fundi byggingarnefndar 1904 kemur fram að það skipulag eða plan sem til sé á kortum frá árunum 1900 og 1903 skuli gilda sem skipulag byggðar á þeim svæðum sem uppdrættirnir ná til. Jafnframt var skorað á bæjarstjórnina að láta mæla upp Oddeyrina og „gjöra kort af henni á líkan hátt og þegar er gjört af hinum hluta bæjarins“.⁷ Svo virðist sem bæjaryfirvöld hafi fylgt þessari áskorun byggingarnefndar eftir og gerði Stefán Kristjánsson kort fyrir Oddeyrina sama ár. Þar með var farið að vinna eftir formlegum skipulagsuppdráttum á öllu bæjarlandinu.⁸ Skipulag Akureyrarbæjar mun vera fyrsta áætlun um mótun byggðar sem gerð var á Íslandi.⁹

Árið 1921 voru sett skipulagslög í landinu og samkvæmt þeim urðu allir þéttbýlisstaðir með yfir 500 íbúa skipulagsskyldir. Skipulagsnefnd ríkisins var sett á fót og í henni sátu Guðjón Samúelsson, Guðmundur Hannesson og Geir Zoega. Guðmundur Hannesson var mikill áhugamaður um skipulag bæja og var höfundur eins af grundvallaritum um skipulag bæja sem kom út árið 1916 en þar sagði hann m.a. að skipulag Akureyrar væri eitt það besta á Íslandi.¹⁰ Guðmundur var vel kunnugur Akureyri, hafði gegnt hér stöðu héraðslæknis 1896-1907 og setið m.a. í byggingarnefnd. Akureyringar höfðu mikinn áhuga á því að gera nýtt skipulag af bænum og árið 1922 leitaði bæjarstjórn til skipulagsnefndar ríkisins um gerð heildarskipulags fyrir bæinn og strax þá um sumarið hófust landmælingar í bænum til undirbúnings skipulagsgerðinni. Á næstu árum var unnið við skipulagið og árið 1926 var lagður fram til kynningar í bænum uppdráttur ásamt lýsingu sem gerði grein fyrir þeim hugmyndum sem lágu að baki skipulaginu. Árið 1927 var fyrsta aðalskipulag bæjarins samþykkt og staðfest en aðalhöfundar þess voru Guðjón og Guðmundur.


⁶ Hskjs. Ak; A-25/5 fundargerð bæjarstjórnar 18. mars 1902.

⁷ Hskjs. Ak; Fundargerð byggingarnefndar 8. feb. 1904

⁸ Hskjs. Ak: Fundargerð byggingarnefndar 8. feb. 1904. Jón Hjaltason; Saga Ak, IV.; 83. Í grein eftir Pál Briem amtmann undir heitinu Um skipulag sem birtist í Norðra 13. febrúar 1904 segir hann að nýlega hafi verið fullgert skipulag yfir Akureyrarbæ. Hann lýsir helstu atriðum skipulagsins og þeim markmiðum um fegrun bæjarins, samgöngubætur og aðrar framfarir sem að var stefnt. Af grein Páls og ummælum Guðmundar Hannessonar má ráða að Páll hefur haft mikil áhrif á gerð skipulagsins. Ýmislegt bendir til þess að umrætt skipulag hafi aldrei verið sett á einn samfelldan uppdrátt, heldur sé það að finna á 3-4 uppdráttum frá því um aldamótin 1900 og sem vitnað er til í þessari greinargerð. Einn uppdrátturinn er af syðsta hluta bæjarins sem nú kallast Fjaran og Innbærinn og nær hann norður á Torfunef. Annar er af Oddeyri og nær hann inn í Hofsbót. Sá þriði ef af brekkunni og landi ofan hennar. Á öllum þessum uppdráttum má sjá þær byggingar sem þegar hafa risið auk þess sem gatnakerfi framtíðarinnar er dregið upp. Fyrstu uppdrættirnir tveir ná að hluta til inn á það svæði sem húsakönnunin fjallar um, annar að sunnan, hinn að norðan. Hins vegar bregður svo við að á hvorugum uppdrættinum eru sýndar götur framtíðarinnar á þessum stað.

⁹ Páll Línadal: Bæirnir byggjast; 257.

¹⁰ Guðmundur Hannesson: Um skipulag bæja; 28.



Skipulagshöfundar töldu að þess yrði langt að bíða að þessi víðlengi bær myndi renna saman í eina samfellda heild. Þeir gerðu því ráð fyrir að enn um sinn myndi bærinn vera þrjú aðgreind byggðarlög, gamla Akureyri, Eyrarlandsbyggðin og Oddeyrin. Hver bæjarhluti átti að hafa sína þungamiðju. Þeir gerðu ráð fyrir að verslunarsvæðið á gömlu Akureyri í Innbænum yrði Hafnarstrætið til beggja handa við hafnarbryggju en verslunarsvæðið fyrir Oddeyrina og Eyrarlandsbyggðina yrði Hafnarstræti ofan Torfunefs. Þeir gerðu ráð fyrir torgi við enda Hafnarstrætis og átti húsið við Strandgötu 1 að víkja til að torgið gæti orðið víðáttumeira. Túngatan átti að hverfa en ný skágata (núverandi Geislagata) átti að liggja frá miðbæjartorginu út á bæjarvöllinn (núverandi Eiðsvöll) og verða ein meginverslunargatan fyrir þennan bæjarhluta auk verslana vestan til á Oddeyrinni. Þessi nýja skágata var ein af fimm nýjum götum sem liggja áttu í geisla út frá Ráðhústorgi. Þeir lögðu áherslu á byggingu sambyggðra húsa

því þannig hús væru hagkvæmari og ódýrari í rekstri. Byggðin átti að vera þétt og fremur lágreist, ekki hærri en tveggja hæða, verslunargötur vel afmarkaðar og í miðbænum átti að vera torg og göngusvæði. Ekki var sérstakleg gerð grein fyrir umferð bíla og orðið bílastæði kom ekki fyrir í greinargerð með skipulaginu.¹¹

Í framhaldi af samþykkt skipulagsins var ráðist í framkvæmdir í miðbæ Akureyrar, nánar tiltekið við enda Hafnarstrætis. Þar höfðu bæjaryfirvöld tryggt sér eignarhald á landi sem í daglegu tali nefnist Hofsbót eða Sóðavík af gárungum. Við Hofsbót skyldi hið nýja miðbæjartorg rísa. Miklu magni af jarðvegi af botni hafnarinnar var dælt inn í Hofsbót og þegar verkinu var lokið í júní 1928 náði landuppfyllingin út á móts við Strandgötu 7.¹² Árið 1928 fékk hið nýja miðbæjartorg nafnið Ráðhústorg.¹³ Vorið og sumarið 1929 tóku hús að byggjast á þessari nýju uppfyllingu og á árunum 1929-1931 byggðust húsaraðirnar við

¹¹ Íslendingur 20. ágúst 1926.

¹² Jón Hjaltason; Saga Akureyrar; IV; 96-97.

¹³ Fundargerð veganefundar 22. mars 1928.

Ráðhústorg 1-9 og Nýja bíó. Samkvæmt hugmyndum oddvita bæjarins áttu þetta að vera steinsteypt og háreist stórhýsi sem myndu sóma sér vel við aðaltorg bæjarins og voru bæjaryfirvöld tilbúin að leyfa húsbyggendum að reisa húsin í áföngum til að bygging þeirra myndi ekki reynast þeim fjárhagslega ofviða. Þannig var húsaröðin við sunnanvert Ráðhústorg 1-5 byggð í áföngum en reyndin varð sú að sum húsanna urðu aldrei hærri en tvær hæðir t.d. húsaröðin við austanvert Ráðhústorg.¹⁴



Bótin eða Ráðshústorg um 1923. Ljósmynd H.E. Til hægri sést Strandgata og fjaran framundan henni um 1925. Húsið fyrir miðri mynd sem snýr stafni fram er Hafnarstræti 106 en það var nyrsta húsið sem reis á uppfyllingu sem var gerð í upphafi 20. aldar á þessu svæði. Ljósmynd V. S.

Skipulagið frá 1927 hélst lítið breytt næsta aldarfjórðung nema ef vera skyldi hæð húsa. Eins og fram hefur komið var samkvæmt skipulaginu upphaflega hvergi gert ráð fyrir hærri húsum en tveggja hæða en snemma bar á því að undanþága væri gefin frá þeim skilmála, t.d. við byggingu stórhýsa við Hafnarstræti og Ráðhústorg þar sem flest þeirra urðu þrjár eða fjórar hæðir.



Á mynd til vinstri sést Hafnarstræti til norðurs um 1930. Lengst til vinstri er stórhýsi KEA í byggingu. . Ljósmynd J og V. Á mynd hægra megin er húsaröðin við Skipagötu/Ráðhústorg nýbyggð 1929. Húsaröðin er reist á uppfyllingu sem gerð var í Hofsbót 1927-1928. Húsin voru flest reist í áföngum og sum hver hafa aldrei verið fullkláruð miðað við upphaflega teikningar og hugmyndir um útlit. Ljósmynd V.S.

¹⁴ Jón Hjaltason; Saga Akureyrar IV; 95.

Árið 1948 var stofnuð sérstök skipulagsnefnd hjá Akureyrarbæ og upp úr því var farið að huga að breytingum á skipulagi bæjarins í samvinnu við skipulagstjóra ríkisins. Bærinn var í örum vexti og hafði vaxið út fyrir skipulagssvæðið sem tilgreint var 1927. Því var endurskoðun hins gamla skipulagsuppdráttar óhjákvæmileg. Kröfur höfðu aukist um breiðari götur vegna meiri bílaumferðar og þörfin á bílastæðum var orðin brýn að sama skapi. Óskir höfðu verið settar fram um breiðari forgarða, fleiri og stærri opin svæði, leikvelli og slíkt. Í miðbænum var talin þörf á nýrri götu vestan Hafnarstrætis undir brekkunni og var hún hugsuð fyrir vöruflutninga að nýju háu verslunarhúsunum við vestanvert Hafnarstræti. Bílastæði áttu að koma víða m.a. neðst við Kaupvangsstræti þar sem Hafnarstræti 92 stendur. Enn bólaði ekkert á Ráðhúsi við Ráðhústorg og þar sem Landsbankinn hafði hreiðrað um sig á fyrirhugaðri Ráðhúslóð var gerð tillaga um að aðeins einn staður í miðbænum væri eftir til að byggja á Ráðhúsið. Það væri við vestanvert Ráðhústorg á lóðunum við Brekkugötu 1-7.¹⁵ Ekki verður sé að þessum hugmyndum hafi verið fylgt eftir með formlegu skipulagi.

Árið 1959 var skipulagsnefnd sammála um að gera þyrfti nýtt skipulag af svæðinu vestan Hafnarstrætis og við Gilsbakkaveg, Oddagötu og Bjarmastíg í framhaldi af erindi Amaró um byggingu stórhýsis við Hafnarstræti. Í stórum dráttum lagði nefndin til að leyft yrði að byggja fimm hæða hús á lóðunum Hafnarstræti 95, 97, 99 og 101 en sjötta hæð þeirra væri með aðkomu af Gilsbakkavegi. Skoða átti með skipulag húsa á lóðinni vestan aðalverslunarhúss KEA og lóðum 103 og 105 við Hafnarstræti.¹⁶ Í kjölfarið á þessum skipulagsbreytingum risu stórhýsin við vestanvert Hafnarstræti, Vöruhús KEA, og stórhýsi Amaró.



Mynd til vinstri: Stórhýsi Amaró í Hafnarstræti nýlega byggt. Bygging þess byggðist á endurskoðuðu skipulagi í miðbænum. Ljósmynd G. Ó. Á mynd til hægri sést suður eftir Hafnarstræti á seinni hluta 7. áratugarins. Hafnarstræti 108, 106, 104 og 102 til vinstri. Ljósmynd S. P.

¹⁵ Hskjs. A-5/126, Greinargerð með nýjum skipulagstillögum fyrir Akureyrarbæ. dags. 1951

¹⁶ Fundargerð skipulagsnefndar; 26.27 og 28. feb. 1959

Í tilefni af 100 ára afmæli Akureyrar árið 1962 var haldin samkeppni um skipulag miðbæjarins. Svæðið sem samkeppnin náði til var að Hjalteyrargötu að austan, Eiðsvallagötu og Smáragötu að norðan, Sniðgötu, Munka-, Krabbastíg, Oddeyrargötu, Þingvallastræti, Laugagötu, Skólastíg og Eyrarlandsveg að vestan.

Í almennt greinargerð dómnefndar um samkeppnistillögurnar segir m.a. „Allar hinar innsendu tillögur gera ráð fyrir að verslunarhverfi verði áfram við Hafnarstræti og Skipagötu í einni eða annarri mynd. Nokkrar tillagnanna ... gera ráð fyrir að verslunargöturnar verði að meira eða minna leyti göngugötur eða gangsvæði og telur dómnefndin það fyrirkomulag mjög athyglisvert, en álitur að í sumum tillögnum ... séu göngusvæðin víðáttumeiri en góðu hófi gegnir“.¹⁷ Fyrstu verðlaun hlutu arkitektarnir Gunnlaugur Halldórsson og Manfred Vilhjálmsson en verðlaunatillagan þótti þó ekki raunhæf og markaði engin spor í byggð miðbæjarins. Hún gekk út á algjöra endurnýjun bygginga á öllu miðbæjarsvæðinu og suðurhluta Oddeyrar þar sem öll eldri byggð var þurrkuð út.¹⁸



Verðlaunatillaga að skipulagi miðbæjarins frá 1962. Ómerkt en líklega er þetta tillaga Gunnlaugs Halldórssonar og Manfreds Vilhjálmssonar sem hlaut fyrstu verðlaun. Í varðveislu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri.

Árið 1979 fékk Akureyrarbær heimild skipulagsyfirvalda í landinu til að annast eigið skipulag og á sama tíma var ákveðið að ráðast í gerð nýs skipulags af miðbænum og þá einkum Hafnarstræti.

Frumtillögur þess skipulags voru unnar af Svani Eiríkssyni og Haraldi V. Haraldssyni arkitektum á árunum 1978 og 1979 og vann Svanur síðan lokatillögu sem auglýst var skv. skipulagslögum 1981. Finnur Birgisson þáverandi skipulagsstjóri vann síðan skipulagsupphrátt á grundvelli auglýstrar skipulagstillögu

¹⁷ Hsskjs Ak.; A-109/c/1 Gjörðabók fyrir skipulagssamkeppni fyrir Akureyri;15

¹⁸ Sjá upplímd óskráð kort í varðveislu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri. Ómerkt höfundum en líklega er hér um verðlaunatillöguna að ræða en tillögurnar voru sýndar almenningi á sérstakri sýningu að keppni lokinni.

Svans og var skipulagið formlega samþykkt 1981. Með þessum fyrsta eiginlega deiliskipulagsuppdrætti miðbæjarins voru teknar mikilvægar ákvarðanir sem snertu umferð, bílastæði og uppbyggingu í miðbænum. Eins og stundum vill verða voru menn ekki á eitt sáttir með útfærsluatriði og var bæði deilt um legu stofnbrautar þ.e. Þjóðveg 1 í gegnum bæinn og legu Glerárgötu við Torfunef.¹⁹ Á grundvelli skipulagsins var ráðist í ýmsar framkvæmdir í miðbænum. Göngugatan í Hafnarstræti leit dagsins ljós, bílastæði austan Skipagötu, endurnýjun Hafnarstræti sunnanvert og breytingar á Ráðhústorgi. Flestar framkvæmdirnar voru sunnan Ráðhústorgs.

Síðar var skipulag nyrsta hluta miðbæjarins endurskoðað, en sá hluti er norðan þess svæðis sem húsakönnunin nær til.

Árið 1987 var haldin samkeppni um Ráðhústorg og Skátagil í miðbænum. Tilgangur keppinnar var að fá fram hugmyndir um mótun og frágang svæðisins í samræmi við það hlutverk sem því var ætlað í skipulagi miðbæjar það er til útivistar og sem göngusvæði.²⁰ Í framhaldi af þeirri samkeppni var ráðist í breytingar á ásýnd Ráðhústorgs sem enn eru við lýði.

¹⁹ Miðbær Akureyrar, deiliskipulag norðurhluta, útg. af skipulagsdeild Akbæjar í ágúst 1996; 2

²⁰ Ráðhústorg-Skátagil, útboðs- og samkeppnislýsing 28. ágúst 1987.

MAT Á VARÐVEISLUGILDI

Breyttar áherslur í húsverndarmálum

Með gerbreyttri tækni og þróun byggingariðnaðar á 20. öld tóku menn að vakna til vitundar um mikilvægi hins sögulega manngerða umhverfis borganna fyrir komandi kynslóðir. Húsverndarhreyfingar spruttu upp í Evrópu snemma á 20. öld og jafnvel fyrr, en hér á landi fór umræðan af stað um 1970 – 1980 og sótti sér ýmis hugtök og fyrirmyndir til Evrópu þar sem byggingarlist hefur verið háþrúð listgrein í margar aldir. Þar snérist húsfríðun framan af nær eingöngu um að tryggja varðveislu gamalla bygginga er töldust þjóðargersemar eða listaverk. Smá saman fóru menn líka aðgefa gaum að varðveislu húsaraða eða þyrpinga sem taldar voru hafa mikilvægt menningarsögulegt gildi. Svipuð þróun hefur orðið hér á landi hvað fríðun framúrskarandi bygginga varðar og smám saman hefur áherslan verið að færast frá einstökum húsum yfir á varðveislu menningarsögulegra heilda, þ.e. götummynda, húsapýrpinga eða hverfa.

Í anda þessara viðhorfa eru sýnileg ummerki um byggingarsögu Akureyrar og þróun byggðarinnar menningarsöguleg verðmæti sem ber að hlúa að. Sérstaða bæjarins og einkenni byggðarinnar eru gildi sem skipta miklu máli og varða ímynd bæjarbúa.

Sérstaðan birtist meðal annars í sögulegri vídd byggðarinnar sem er fólgin í ummerkjum um sögu hennar frá upphafi til okkar daga. Þannig er elsti hluti bæjarins einhver mikilvægasti þátturinn í staðarímynd Akureyrar, það er að segja menningarlegri sérstöðu bæjarins og íbúa hans.

Mótunarsagan og sýnileg ummerki hennar

Mótunarsaga miðbæjar Akureyrar birtist okkur meðal annars í þeim skipulagshugmyndum sem bæjarstjórnin hefur fylgt á hverju tímaskeiði. Í aðalatriðum skiptist þessi saga í fimm kafla.

Upphafskaflinn nær frá árinu 1894 þegar fyrsta húsið var reist á Torfunefi og fram til 1904 þegar samþykktur var skipulagsuppráttur að byggð í bænum öllum. Á þessu tímaskeiði var ekki fyrir hendi skipulagsuppráttur í þeim skilningi sem nú er lagður í það orð en engu að síður voru byggingar og lóðir ákveðnar af bæjarstjórn. Í aðalatriðum mótaðist byggðamynstrið af landslaginu. Undir brekkurótunum var mjó landræma meðfram sjónum þar sem rúm var fyrir eina götu með húsaröð á aðra hönd og sjóinn á hina. Hús voru öll úr timbri. Þau voru staktsæð og af sömu gerðum og hús sem risu á Oddeyrinni og Innbænum. Árið 1903 var þegar farið að reisa hús á uppfyllingu austan Hafnarstrætis og smám saman

varð sú uppfylling samfelld með götunni frá Torfunefi og fyrir botn Hofsbótar. Enda þótt fyrsti skipulagsuppdrátturinn að Akureyri hafi verið samþykktur árið 1904 hafði vinnan að skipulaginu staðið yfir að minnsta kosti frá árinu 1897 þegar bæjarstjórn ákvað að láta gera skipulagsuppdrátt að Oddeyri. Skipulagshugmyndir að byggð á Torfunefi og Hofsbót hafa að líkindum mótast á þessu tímabili þótt þær hafi að lokum verið staðfestar árið 1904.

Á þessu tímaskeiði byggðist húsaröðin vestan við Hafnarstræti og auk þess tvö hús austan götunnar. Bæði húsin austan við götuna reistu Sigtryggur Jóhannesson og Jónas Gunnarsson smiðir á malarfyllingu sem þeir létu gera út í sjóinn með samþykki byggingarnefndar. Fyrri húsið reistu þeir árið 1903 á lóðinni Hafnarstræti 100 og þar ráku þeir trésmíðavinnustofu sína, hina fyrstu vélvæddu á Akureyri. Þetta var þrílyft hús og var fyrsti hluti stærri húsasamstæðu sem þeir hugðust reisa í áföngum.²¹ Hafnarstræti 100 brann árið 1945. Á næstu lóð fyrir norðan, nr. 102, reistu þeir annað timburhús ári síðar og sneri það gafli að götunni. Örlög þess urðu þau sömu, það brann árið 1942.



Til vinstri er Hafnarstræti til norðurs. Hafnarstræti 100 og 102 í forgrunni en þau voru byggð á uppfyllingu. Til hægri sést Hafnarstræti til suðurs. Myndirnar eru teknar um 1910. Þessi hús eru öll horfin. Ljósmynd H. E.

Öll hús sem byggð voru á þessu tímaskeiði á því svæði sem húsakönnunin nær til eru nú horfin. Í suðurhluta miðbæjarins, sunnan Kaupangsstrætis eru enn nokkur hús frá þessum tíma, en ekki verður fjallað um þau að þessu sinni.

Annar kafli mótunarsögunnar nær til árána 1904 til 1927, en þá tók gildi nýr skipulagsuppdráttur.

Á þessum árum má segja að uppbyggingu miðbæjarins hafi að mestu leyti verið lokið samkvæmt skipulagshugmyndinni frá 1904. Þau hús sem byggð voru á svæði húsakönnunarinnar á þessu tímaskeiði voru öll austan Hafnarstrætis. Þau eru:

Hafnarstræti 94, Hamborg, sem reis árið 1909 og hefur nýlega verið endurbætt.

Hafnarstræti 96, París, sem reis árið 1913 og hefur nýlega verið endurbætt.

Hafnarstræti 98, Hótel Akureyri, sem reis árið 1923. Fyrir fáum misserum var í ráði að rífa húsið og reisa annað í þess stað. Húsafriðunarnefnd ríkisins ákvað þá að leggja til við ráðherra menntamála að friða húsið vegna þess hve mikilvægt það væri fyrir húsaröðina austan Hafnarstrætis í heild sinni. Þessi aðgerð er til marks um þær breyttu áherslur í húsverndarmálum sem minnst er á framfarir í þessum kafla.

²¹ Í bókun byggingarnefndar er húsið kallað "flöj", þ.e.a.s. álma.



Húsin á horni Hafnarstrætis og Kaupvangsstrætis árið 2008 og um 1925. Ljósmynd H. G. og V.S.

Hafnarstræti 106. Það var upphaflega reist í Hrísey árið 1908 en var flutt þaðan til Akureyrar árið 1915 fljótandi á flekum.

Þau hús sem hér um ræðir skera sig ekki frá húsum undangengis tímabils heldur falla fullkomlega að þeim og mynda með þeim samstæða heild. Eldri húsin við austanvert Hafnarstræti sunnan Kaupvangsstrætis og yngri timburhúsin norðan þess mynda samfellda og heillega húsaröð. Þegar meta á varðveislugildi einstakra húsa innan þessarar heildar verður fyrst og fremst horft til þess að heildin er mjög mikilvæg og hvert einstakt hús innan hennar er mikilvægur hluti heildarinnar. Jafnvel einstakt hús, sem af sjálfu sér yrði ekki talið hafa mikið varðveilsugildi, getur talist mikilvægur hluti heildar sem er miklu merkara en einstakir hlutar innan hennar.

Þriðji kafli mótunarsögu miðbæjarins hefst með tilkomu skipulagsins frá 1927.

Skipulagið markaði ýmiss konar þáttaskil í mótun byggðarinnar, en einkum eru það tvö atriði almenns eðlis sem telja má gjörbreytingu frá fyrri áformum um byggðina. Í fyrsta lagi kom steinsteypan fram á sjónarsviðið og þar með breyttist húsagerðin. Bæjarbrunarnir bæði á Akureyri og Reykjavík ýttu undir þá þróun að steinsteypa varð aðalbyggingarefni landsmanna. Timburhús voru jafnvel ekki lengur leyfileg. Í öðru lagi var með skipulaginu ákveðið að framtíðarbyggðin yrði ekki lengur með stakstæðum húsum heldur sambyggðum. Í miðbæ Akureyrar skyldi vera randbyggð hús í anda evrópska borga. Húsin urðu jafnframt stærri og voru hönnuð með tilliti til blandaðrar miðbæjarstarfssemi sem einkenndist af verslunarrýmum á jarðhæð og skrifstofum og/eða íbúðum á efri hæðum.

Ráðhústorgið varð til með skipulaginu frá 1927 auk Geislagötu og Skipagötu. Lega Hafnarstrætis breyttist ekki frá því sem verið hafði.



Hafnarstrætis 106, Sæborg eða Braunsverslun er lengst til vinstri. Myndin er tekin um 1927 og sýnir vel það yfirbragð sem var á miðbænum á þessum tíma. Ljósmynd V. S.

Þau hús sem risu í miðbænum eftir samþykkt skipulagsins féllu að þessum ákvæðum.

Fyrst húsið sem byggt var samkvæmt skipulaginu var Hafnarstræti 104, Akureyrarapótek, árið 1929.

Ári síðar reis hús Kaupfélags Eyfirðinga og Hafnarstræti 108. Um sama leyti var hafist handa um byggingu húsanna við Ráðhústorg 1, 3 og 5.

Upphaflega var í skipulaginu gert ráð fyrir að hús í miðbænum yrðu tvær hæðir, en þeirri ákvörðun hafði þegar verið breytt þegar fyrsta húsið reis. Fyrstu húsin báru viss merki klassískrar byggingarlistar og einnig má sjá í þeim áhrif frá rómantískum sögustíl sem svo kallaðist í nágrenni okkar. Framhliðar húsanna Hafnarstræti 104 og 108 voru mótaðar með lóðréttum gluggaböndum með aðkenningu að flatsúlum á milli. Þau voru bæði með bröttu þaki og gaflar apóteksins voru stallaðir í rómantískum anda.

Árið 1945 reis hús Pósts og síma við Hafnarstræti 102 og markaði það vissa áherslubreytingu. Þarna stóð áður timburhús Sigtryggs Jóhannessonar og Jónasar Gunnarssonar sem brann 1942. Klassísku áhrifin sem einkenndu fyrstu steinsteyptu húsin hafa þá vikið fyrir einkennum sem fremur má kenna við módernisma. Með húsi Pósts og síma virðist hafa verið tekin ákvörðun um breytt þakform húsa í miðbænum. Húsið var fjórar hæðir og efsta hæðin inndregin.



Stóra dökka húsið fyrir miðri mynd er Akureyrarapótek, Hafnarstræti 104. Myndin er líklega tekin 1930 þegar Hafnarstræti 108 er í byggingu. Bæði þessi hús voru byggt undir áhrifum af klassískri byggingarlist. Á milli þessara húsa stendur Hafnarstræti 106, Sæborg eða Braunsverslun Ljósmynd V. S.



Hafnarstræti til norðurs á 6. áratugnum. Fimmta húsið til hægri er hús Pósts og Síma, Hafnarstræti 102 og snýr það brunagafli í suður. Næst sunnan við það sést glitta í litla turninn og næst sunnan við hann er Hafnarstræti 100. Bæði þessi hús risu í stað stórra timburhúsa sem brunnu í í seinna stríði. Nýju húsin voru bæði með brunagöflum og áttu að vera hluti af randbyggingum í miðbænum samkvæmt skipulagshugmyndum sem settar voru fram í skipulagi bæjarins árið 1927.

Þessi ákvörðun viðist hafa smitað út frá sér því síðar var þakformi apóteksins breytt í þessa veru. Bætt við húsið inndreginni fjórðu hæð með svölum meðfram götu, í stað bröttu rishæðarinnar.



Húsin við Ráðhústorg árið 1944. Þau voru byggð í áföngum eftir efnahag og aðstæðum eigenda sinna en í samræmi við skipulagið frá 1927. Húsin við austanvert torgið eru enn hálfbyggð. Ljósmyndir ?

Húsin við Ráðhústorg báru að nokkru leyti sömu einkenni og Hafnarstræti 104 og 108. Gluggar þeirra voru með lóðréttri skipan og flatsúlum á milli, en þakgerðin var önnur og svipmót þeirra einkennist af mónumentalisma sem algengur varð víða í Evrópu á árunum milli heimsstyrjaldanna. Þessi hús eru fjögurra hæða en efsta hæðin er lítillega inndregin eins og í húsi Pósts og síma.

Húsaröðin við Skipagötu reis á árunum 1933 til 1941. Húsin Skipagata 2 og 4 hafa svipaða gluggaskipan og húsin við Ráðhústorg, en við byggingu Skipagötu 6 og 8 virðist þetta svipmót vera að leysast upp eða fara úr böndunum. Þessi tvö síðastnefndu hús eru aðeins tveggja hæða. Þröngt var í búi á þessum árum og mun hafa verið áformað að hækka húsin síðar.

Næsta skeið í þróunarsögu miðbæjarins hefst árið 1959.

Þá ákvað skipulagsnefnd að gert skyldi nýtt skipulag að svæðinu vestan við Hafnarstræti eins og áður hefur verið greint frá og heimilaði þar með hærri hús en áður hafði verið samkvæmt skipulaginu frá 1927 eða allt að sex hæðum. Enda þótt þetta skipulag sé utan þess svæðis sem húsakönnunin nær til þá gætir áhrifa þess mjög innan þess því hér er um að ræða húsaröðina vestan Hafnarstrætis.

Gömlu timburhúsin sem þarna risu í byrjun 20. aldar viku hvert af öðru eftir 1927 og steinsteyptu húsin sem komu í þeirra stað urðu smám saman hærri og skuggar þeirra lengri. Seinustu timburhúsin í þessari röð voru rifin eftir að haldin var samkeppni um Ráðhústorg og Skátagil árið 1987 og í kjölfar hennar fékk Ráðhústorg þá ásýnd sem það hefur enn.



Ráðhústorg 2008 Loftmynd H.G

Seinasta skeið í mótun miðbæjarins spratt af deilsikipulagi hans árið 1981 sem fyrr hefur verið nefnt.

Hafnarstræti var breytt í göngugötu, ný hús risu austarlega í miðbænum, meðal annars við Skipagötu vestanverða. Bílastæði voru gerð austan Skipagötu og breytingar gerðar á Ráðhústorgi.

Varðveislugildi byggðarinnar og einstakra húsa

Eins og fyrr segir eru helstu menningarsögulegu gildi byggðar í miðbænum fólgin í ummerkjum um þróun hennar frá upphafi til okkar daga. Það liggur líka í hlutarins eðli að ummerki um eldri skeið þróunarinnar eru færri og því mikilvægari en um yngri skeiðin. Miðbærinn og söguleg vídd hans er einhver mikilvægasti þátturinn í staðarímynd Akureyrar. Við endurnýjun deiliskipulags miðbæjarins er því mjög mikilvægt að hugað sé að því að ummerki um þróun bæjarins glatist ekki og jafnframt verið leitast við að nýbyggingar styrki sérkenni bæjarins fremur en veiki.

Óhjákvæmilegt er að byggðin þróist og breytist. En sú krafa þarf að vera afdráttarlaus að endurnýjun verði í takt við ákveðna heildarsýn, þar sem markmiðið er að virða og styrkja mælikvarða og söguleg og fagurfræðileg einkenni gömlu byggðarinnar sem og sérkenni hennar í byggingarstíl og efnisnotkun. Lögð er áhersla á þá hugsun að gömul hús innan svæðisins séu ekki ósnertanlegir safngripir heldur geti þau vaxið og breyst í takt til hlutverk þeirra í lifandi miðborg.

Elsti hluti byggðarinnar frá fyrstu tveimur mótunarskeiðum hennar er timburhúsaröðin vestan Hafnarstrætis. Hún er mikilvægasti hluti miðbæjarbyggðarinnar. Eitt hús, Hafnarstræti 98, er friðað eins og áður hefur verið sagt. Friðun þess staðfestir mikilvægi þessarar húsaraðar sem verðskuldar friðun í heild sinni.

Hafnarstræti 106, Sæborg, tilheyrir sama tímaskeiði og fyrrnefnd húsaröð og hefur því ótvírætt varðveislugildi. Þess ber þó að geta að Hafnarstræti 106 er slitið frá röðinni þar sem þrjú yngri hús úr steinsteypu skilja á milli og það er því ekki þátttakandi í heildinni með jafn óyggjandi hætti og hin timburhúsin sem eru í samfelldri, órofinni húsaröð.



Hafnarstræti 106, Sæborg eða þáverandi Braunsverslun um 1927. Ljósmynd V. S.

Húsið við Hafnarstræti 106, Sæborg, er gott dæmi um hús sem virðist standa á skjön við nágrannahús sín með gaflinn fram í götu í stað þessa að snúa langhlið að götu eins og algengast er í götunni. Ef rýnt er í sögu svæðisins og hússins og skoðaðar gamlar ljósmyndir sést hinsvegar glögglega að á þeim tíma sem húsið var reist var það í línu við annað hús, Hafnarstræti 102, Rotterdam, sem einnig snéri gafl í götuna.

Sæborg er nú eitt af elstu húsum við göngugötuna og saga þess er óneitanlega nokkuð athyglisverð. Það var upphaflega byggt í Hrísey sem fisktökuhús af Edinborgarverslun líklega um 1908 en var árið 1915 flutt til Akureyrar og sagan segir að því hafi verið fleytt á tunnufleka inn eftir firðinum til Akureyrar. Neðri hæð hússins hefur verið breytt fremur harkalega og lágur viðbyggingar á báða vegu eru til lýta. Rishæð hússins virðist hinsvegar vera nokkuð upprunaleg, bæði gluggar og klæðning. Há steinsteypt hús á báða vegu þrengja að húsinu og bera þess vott að því var ætlað að víkja. Húsið hefur ekki visst varðveislugildi sem sögulegur minnisvarði um bæjarmynd sem nú er að mestu leiti horfin, fulltrúi fyrstu timburhúsanna sem byggð voru á uppfyllingu austan götunnar. Það stendur hinsvegar á einum skjólríkasta og sólríkasta staðnum í miðbænum. Með því að fjarlægja viðbyggingar við báðar hliðar gæti húsið tengt saman Hafnarstrætið og baklód húsanna við Ráðhústorg og Skipagötu og skapað forsendur fyrir skjólgóðum bakgarði.



Hafnarstræti til suðurs á fjórða áratugnum. Talið frá vinstri er Hafnarstræti 108, þá Hafnarstræti 106 og síðan Hafnarstræti 104. Stærri steinhúsin eru byggð í anda skipulagsins frá 1927 en húsið á milli þeirra, Hafnarstræti 10, er minnisvarði um elstu bæjarmynd Hafnarstrætis. Ljósmynd V.S.

Annan mikilvægasta hluta byggðar á því svæði sem húsakönnunin nær til má telja steinsteyptu randbyggðina sem reis eftir að skipulagið frá 1927 tók gildi. Elstu húsin í þessari röð eru mikilvægari en þau yngri. Þau eru vandaðri og bera skýrari einkenni skipulagshugmyndarinnar. Vönduðust þeirra eru Hafnarstræti 104 og 108. Hafnarstræti 106 myndar hins vegar skarð í þessa húsaröð sem ætlað var að verða samfelld. Þegar hugað er að framtíð byggðarinnar, þ.e. varðveislu minja annars vegar og aðhlynningu þeirra skipulagshugmynda sem mótuðu hana hins vegar, þarf að vega saman varðveislugildi Hafnarstrætis 106 móti þeim ávinningi sem kynni að verða af því að byggja í skarðið samkvæmt skipulagshugmyndinni frá 1927.



Ráðhústorg 1, 3 og 5. Ljósmynd 2008 H.G.

Skipagata 6 og 8 verða ekki talin hafa sérstakt varðveislugildi og hlutur þeirra í heildarsvip allrar húsaraðarinnar skipulaginu 1927 er lítill enda eru húsin aðeins hálfbyggð og sérkenni þeirra eru veikluleg. Hins vegar þarf að meta gildi þeirra með tilliti til þess hvers konar hús kæmi í stað þeirra ef þau verða látin víkja. Mikilvægt er að hús á þessum lóðum verði mótuð eftir skipulaginu frá 1927 og þau verði látin lúta sömu hugmynd og randbyggðin að öðru leyti.



Skipagata 6 og 8. Ljósmynd 2008 H.G.

Fyrsti eigandi Póstur og sími

Hönnun Guðjón Samúelsson, Einar Erlendsson
arkitektar

Hafnarstræti 2008 Ljós: Hörður Geirsson

Upphafleg gerð	Útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steinsteyp	1962 Viðbygging	Gisli Halldórsson, Jósef	arkitekt
Klæðning	Múrslétt	1963 Viðbygging	Jósef Reynis	arkitekt
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)	1981 Hækkun	Gisli Halldórsson, Jósef	arkitekt
Þakklæðning		1998 Viðbygging	Gisli Kristinsson, Páll	arkitekt
Undirstöður	Steinsteypur	2003 Útlitsbreyting	Gisli Kristinsson	arkitekt
		2004 Útlitsbreyting	Páll Tómasson	arkitekt
Upphafleg notkun	Skrifstofa Verslun			
Saga	Íbúðarhús			

Árið 1903 fengu Sigtryggur Jóhannesson og Jónas Gunnarsson leyfi til uppfyllinga á Torfunefi á lóð, 60 x 60 álnir að stærð. Bygðu þar hús sem brann árið 1941.

Árið 1942 og 1943 var byggt nýtt hús Póst og síma á lóðinni eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar og Einars Erlendssonar. Samkvæmt þeim teikningum var framhúsið við Hafnarstræti og austur úr því var jafnframt byggð lægri viðbygging sem snéri að Skipagötu og gegndi hlutverki vélahúss.

Árið 1962 er samþykkt stækkun á viðbyggingunni í tveimur áföngum og 1963 gerð tillaga af nýrri framhlið á viðbyggingu að Skipagötu. Árið 1998 var byggt við austurhlið viðbyggingunni sem snýr að Skipagötu og þangað fluttist afgreiðsla Íslandspóst sem hafði verið í framhúsinu við Hafnarstræti ásamt afgreiðslu Landssímans.

Árið 2003 voru gerðar breytingar á handriði á framhlið hússins og árið 2004 var ytra byrði hússins við Hafnarstræti endurnýjað. Þá var húsið endursteynt á öllum hliðum en veggir fyrstu hæðar voru flisalagðir á vestur og suðurhlið. Einnig var seinnitíma skyggni framan á húsinu framlægt og steypur kantur sem var á húsinu upphaflega endurgerður ásamt því að skyggni fyrir verslunardyrum var endurgert. Snjógildru var komið fyrir á suðurstafni.

Varðveislumat:

Húsið er hluti af þeirri húsaröð sem varð til eftir skipulaginu frá 1927 og ætlað var að mynda randbyggð. Hafnarstræti 102 er yngsta húsið í húsaröðinni. Svipmót þess sker sig frá öðrum húsum þessarar heildar þar sem það ber ýmis einkenni modernisma. Hafnarstræti 102 vék frá þeirri lögun sem eldri steinsteypuhús við götuna höfðu fengið í því að í stað rishæðar var fjórða hæð þess inndregin. Hafnarstræti 104 var síðar breytt til samræmis við Hafnarstræti 102 og húsin við Ráðhústorg og Skipagötu voru gerð með sama hætti. Húsaröðin í heild sinni er einn mikilvægasti þátturinn í svipmóti miðbæjarins og varðveislugildi Hafnarstrætis 102 er ótvírætt.

Fyrsti eigandi O.C. Thorarensen lyfsali

Hönnun Halldór Halldórsson
arkitekt

Apótekið á 4. áratugnum (3. hús t.v.) Ljós: Vigfús Sigurðei



Apótekið 2008. Ljós: Hörður Geirsson

Upphafleg gerð		Útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga	byggin
Tegund	Steinsteypt	Þrilyft	1943 Útlitsbreyting	Halldór Halldórsson	
Klæðning	Múrsléttað	Ris	1946 Hækkun	Guðmundur Gunnarsson	
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)	Kjallari			
Þakklæðning					
Undirstöður	Steinsteyptar				
Upphafleg notkun	Apótek Íbúðarhús				

Saga

Húsið er byggt á hluta af lóð sem Sigrtyggur Jónasson og Jónas Gunnarsson bjuggu til með uppfyllingu við Hafnarstræti. Þann 6. júní 1925 fékk O. C. Thorarensen lyfsali leyfi bygginganefndar til að reisa söluturn á þessari lóð en 1928 fékk hann leyfi til að flytja umræddan söluturn sinn af lóðinni yfir á lóðina milli húsanna H-100 og H-102 þar sem hann stendur enn árið 2009. Þann 21. ágúst 1928 fékk O.C. Thorarensen apótekari leyfi til að reisa tvílyft hús á leigulóð sinni við Hafnarstræti eftir teikningu Halldór Halldórssonar arkitekts. Svo virðist sem upphaflegu teikningunni hafi ekki verið framfylgt og húsið verið einfaldað í útliti á byggingartímanum. Halldór endurteiknaði svo húsið árið 1943 miðað við það útlit. Yfirsíðir hússins voru Jón Guðmundsson og Einar Jóhannsson en Ólafur Ágústsson sá um smíði allra innréttinga í lyfjabúðina og var því verki lokið sumarið 1929. Það ár flutti O.C. Thorarensen lyfjabúð sína úr Aðalstræti 4 í húsið. Árið 1946 var rishæð hússins breytt mikið og byggð inndregin þakhæð með skúrhalla eftir teikningum Guðmundar Gunnarssonar. Líklega hefur það verið gert til samræmingar við útlit hins nýja húss Pósts og síma sem reis á þeim tíma sambyggt við Apótekið. Apótekið á Akureyri var næs óslitið í eigu sömu ættar í beinan karllegg í nærfellt 150 ár eða til ársins 1993. Efri hæðir hússins voru notaðar til íbúðar. Þar bjuggu um skeið Helgi Skúlason augnlæknir og síðar Jóhann Þorkelsson héraðslæknir. Eftir að apótekið hætti rekstri í húsinu hefur verið verslun á jarðhæð en efri hæðum hefur verið breytt í gistiheimili.

Varðveislumat:

Húsið er hluti af þeirri húsaröð sem varð til eftir skipulaginu frá 1927 og ætlað var að mynda randbyggð. Hafnarstræti 104 er elsta húsið í röðinni og flest önnur hús í henni bera svipuð einkenni í mis miklum mæli þó. Þakformi hússins var síðar breytt í anda Hafnarstrætis 102 og við það dofnuðu upphafleg einkenni þess. Húsaröðin í heild sinni er einn mikilvægasti þátturinn í svipmóti miðbæjarins og varðveislugildi Hafnarstrætis 104 er ótvírætt.

Fyrsti eigandi Edinborgar verslun í Hrisey.

Hönnun



Sæborg um 1927. Ljóm: Vigfús Sigurgeirsson



Sæborg í nóv. 2008 Ljóm: Hörður Geirsson

Upphafleg gerð

Tegund	Timburhús
Klæðning	Járn, pappi
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Járnklæðning
Undirstöður	Lágur steingrunnur

Útlit

Tvilyft
Ris

Helstu breytingar

1915 Flutningur
1915 Útlitsbreyting
1920 Atv.húsn. innr.
1920 Gluggabreyting
1956 Viðbygging
1999 Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Mikael Jóhannesson
Haraldur Árnason

Upphafleg notkun	Geymsla
	Fiskhús

Saga

Árið 1904 fengu Sigtryggur Jónasson og Jónas Gunnlaugsson leyfi til að búa til lóð, 60 x 60 álnir, á uppfyllingunni norðan Torfunefs. Húsið H-106 var reist nýrst á hinni uppfylltu lóð. Þann 3. apríl 1915 sendi Ásgeir Pétursson bæjarstjórn Akureyrarkaupstað bréf þar sem hann fer fram á að hún veiti honum leyfi til að byggja hús á lóð sinni við Hafnarstræti. Þar kemur fram að húsið hafi staðið í Hrisey og hafi áður verið í eigu Edinborgarverslunar. Hann ætlaðist til að gafi hússins snéri að götunni. Hann fékk leyfi til að reisa húsið gegn því að byggt væri ofan á vesturenda hússins eins og á austurendann, og að á vesturgafli yrðu settir fjórir laglegir gluggar og gaffinn gerður sem "snoturlegastur". Talið er að Ásgeir Pétursson hafi flutt húsið til Akueyrar á tunnufleka frá Hrisey það sama ár. Þann 6. júní 1920 fékk Ásgeir leyfi bygginganefndar til að breyta húsinu framlagðri teikningu sem ekki hefur varðveist að breyta neðri hæð hússins fyrir verslun. Þann 7. maí 1928 fékk Braunverslun leyfi til að byggja tveggja hæða geymsluskúr austan við H-106. Bærinn veitti leyfið til bráðabirgða með því skilyrði að skúrinn yrði stytur um helming og byggður í tveimur hæðum. Richard Braun átti húsið um skeið og rak þar verslun en Páll Sigurgeirsson rak verslunina frá 1932-1956. Um 1956 virðist hafa verið byggt við báðar hliðar hússins eftir teikningum Mikael Jóhannessonar. Viðbygging sunnan við var innrétuð sem verslunarhúsnæði en norðan við var byggt yfir portið á milli húsanna H-106 og H-108. Við þessar breytingar fékk húsið að mestu það útlit sem það hefur í dag. Árið 1999 var verslunarrými á aðalhæð gamla hússins breytt í tvö minni verslunarrými og við það voru gerðar breytingar á á útliti við innganginn á húsinu og þar gerðar tvær útihurðir í stað einnar áður. Ljósmyndastofa Vigfúsar Sigurgeirssonar og síðan Eðvarðs Sigurgeirssonar, bræðra Páls, var þarna til húsa á efri hæð. Þar er nú íbúð.

Varðveislumat:

Húsið tilheyrir næst elsta þróunarskeiði miðbæjarins sem hófst með skipulaginu frá 1904. Það ber þó líka vitni fyrsta mótnarskeiðinu frá því fyrir 1904 því afstaða hússins til götunnar mótaðist af húsi Sigtryggs og Jónasar á Hafnarstræti 102, en þar reistu þeir árið 1903 hús sem sneri gaffli að götu.

Neðri hæð hússins hefur verið breytt án tillits til upphaflegara gerðar hússins og viðbyggingar við báðar langhliðar þess eru til lýta í þeirri mynd sem þeir hafa nú.

Hafnarstræti 106 tilheyrir sama skeiði og mikilvægasta timburhúsaröð miðbæjarins austan við Hafnarstræti en er þó skilið frá henni þar sem þrjú steinsteypuhús eru á milli. Hafnarstræti 106 er því stakstætt en hefur vegna aldurs sins og sérstöðu ótvírett varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Jónas Stefánsson
húsasmiður

Hönnun Óþekktur



Baklið Skipagötu 4 árið 2008. Ljósni: Hörður Geirsson



Skipagata 4 t.v. árið 2008. Ljósmynd: Hörður Geirsson

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttad
Þakgerð	
Þakklæðning	Bárújarn
Undirstöður	Steinsteyptar

Útlit

Fjórlyft
Svalir

Helstu breytingar

Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Upphafleg notkun

Íbúðarhús
Smiðaverkstæði

Saga

Jónas Stefánsson trésmiðameistari kenndur við Kotá byggði húsið eftir að hann flutti aftur til Akureyrar frá Kanada. Hann hafði þar íbúð sína og verkstæði. Varðveist hefur teikning af húsinu dagsett 14.4.1933 sem samþykkt var af bæjaryfirvöldum með skilyrðum 17.8.1933. Teikningunni fylgir allitarleg byggingarlýsing frá Jónasi sjálfum sem gæti bent til að hann hafi sjálfur gert teikninguna. Þeirri teikningu virðist þó ekki hafa verið fylgt a.m.k. ekki hvað ytra útlit varðar heldur samræmdri útlitsteikningu fyrir húsinn Ráðhústorg 5 og Skipagötu 2 og 4 sem samþykkt var 26. ágúst 1933. Sú teikning er óundirrituð. Á neðstu hæð hússins er verslunin Hólabúðin, sem er í eigu Yngva Loftssonar. Hann hefur rekið verslunina frá 1957, fyrst undir nafninu Hafnarbúðin en frá 1984 undir nafni Hólabúðarinnar. Fyrsti eigandi Hafnarbúðarinnar var Páll Pálsson. Verslaði hann aðallega með sjóklæði og annan vinnufatnað enda var þá hjarta útgerðarinnar við Torfunefsbrýggju. Mun hann hafa byrjað verslunarreksturinn um 1940 en hætti með hann um miðjan fimmta áratuginn og var verslunin rekin af nokkrum aðilum sem hlutafélag næstu árin. Á efri hæðum hússins hefur verið rekið gistiheimili um langt skeið, lengst af af syni Jónasar, Stefáni Aðalbirni. Íbúð er á efstu hæð.

Varðveislumat:

Húsið er hluti af þeirri húsaröð sem varð til eftir skipulaginu frá 1927 og ætlað var að mynda randbyggð. Einkenni hússins eru í grundvallaratriðum þau sömu og húsanna við Hafnarstræti og Ráðhústorg. Gluggaskipan og gluggagerð var mótuð með skipulaginu frá 1927 en gluggagerð Skipagötu 4 hefur verið breytt í smáatriðum. Efsta, inndregna hæðin, kom hins vegar til sögunnar þegar Hafnarstræti 102 var reist árið 1945.

Húsaröðin er einn mikilvægasti þátturinn í svipóti miðbæjarins og varðveislugildi hússins er ótvírætt.

Fyrsti eigandi Eypör Tómasson

Hönnun Halldór Halldórsson
arkitekt

Skipagata 6 t. h. árið 2008. Ljósmynd Hörður Geirsson



Skipagata 6 árið 2008. Ljósmynd Hörður Geirsson

Upphafleg gerð		Útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Torfbær	Tvílyft	Gluggabreyting	
Klæðning	Skeljasandur			
Þakgerð				
Þakklæðning				
Undirstöður	Steinsteyptar			
Upphafleg notkun	Saumastofa Smiðaverkstæði			
Saga	Verslun			

Til er teikning undirrituð af Tryggva Jónatanssyni 8. apríl 1940 en hún virðist ekki hafa verið notuð heldur teikning Halldórs Halldórssonar dags. 24.4.1941. Ekki er ólíklegt að húsið hafi átt að vera í samræmdu útliti og húsaröðin við Skipagötu 2-4 en aldrei hafi efri hæðir verið byggðar þó ekki sé gert ráð fyrir þeim á teikningum af húsinu. Húsið reis síðast í þessari húsaröð meðfram Skipagötu og ber þess merki m.a. að það er port í gegnum húsið til að komast inn á baklóðir húsanna. Eypör Tómasson byggði húsið. Hann rak í því tvær verslanir, líkkistuverkstæði og þrjóna- og saumastofu á efri hæð ásamt Sigurði Guðmundssyni. Á neðri hæðinni hefur löngum verið verslað og hafa þar verið margs konar verslanir í gegnum árin. Í húsinu í dag er rekin gullsmiðastofa og verslun á jarðhæð en íbúð er á efri hæð.

Varðveislumat:

Húsið er hluti af þeirri húsaröð sem varð til eftir skipulaginu frá 1927 og ætlað var að mynda randbyggð.

Húsið er þó lægra en önnur hús raðarinnar. Því hefur upphaflega verið ætlað að verða jafnhátt þeim. Einkenni hússins eru í grundvallaratriðum veikari en einkenni annarra húsa frá þessu skeiði við Hafnarstræti og Ráðhústorg.

Húsaröðin er einn miklvægasti þátturinn í svipmóti miðbæjarins og varðveislugildi hennar er ótvírætt. Þáttur Skipagötu 6 er hins vegar veikari en annarra húsa í röðinni. Varðveislugildi þess er því minna en annarra húsa heildarinnar.

Fyrsti eigandi Konráð Kristjánsson

Hönnun Tryggvi Jónatansson
múrarmeistari/byggfllt.

Skipagata 8 t.h. árið 2008. Ljós: Hörður Geirsson



Bakhlíð Skipagötu 8 t.h. árið 2008. Ljós: Hörður Geirsson

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Skeljasandur
Þakgerð	
Þakklæðning	
Undirstöður	Steinsteyptar

Útlit

Tvilyft

Helstu breytingar

Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga**Upphafleg notkun**Íbúðarhús
Verslun**Saga**

Húsið er byggt eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar dags. í des.1938 og samþykktar af byggingarnefnd 12. jan. 1939. Ekki er ólíklegt að húsið hafi átt að verða hærra til samræmis við húsaröðina frá Ráðhústorgi þó ekki sé gert ráð fyrir því á upprunalegum teikningunni.

Konráð Kristjánsson(Gíslason?) byggði húsið. Hann rak þar m.a. hjólreiðaverkstæði. Lengi vel hefur Ljósmyndastofu Páls verið á jarðhæð hússins en íbúð á efri hæð.

Varðveislumat:

Húsið er hluti af þeirri húsaröð sem varð til eftir skipulaginu frá 1927 og ætlað var að mynda randbyggð.

Húsið er þó lægra en önnur hús raðarinnar. Því hefur upphaflega verið ætlað að verða jafnhátt þeim. Einkenni hússins eru í grundvallaratriðum veikari en einkenni annarra húsa frá þessu skeiði við Hafnarstræti og Ráðhústorg.

Húsaröðin er einn mikilvægasti þátturinn í svipmóti miðbæjarins og varðveislugildi hennar er ótvírætt. Þáttur Skipagötu 8 er hins vegar veikari en annarra húsa í röðinni. Varðveislugildi þess er því minna en annarra húsa heildarinnar.

Heimildaskrá:

Óprentaðar heimildir:

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (Hskjs. Ak):

A-5/126 Lóðir og lönd. Nýjar skipulagstillögur

A-109a/1 Skipulagsmál, fundargerðir skipulagsnefndar 1948-1961

A109a/2 Skipulagsmál, fundargerðir skipulagsnefndar 1961-1970

A-1/207 Skjöl frá bæjarstjórn, bæjarstjóra og bæjargjaldkerfa. Innkomin bréf

A-109/c/1 Gjörðabók fyrir Skipulagskeppni fyrir Akureyri.

A-109b/30 Þátttakendur í hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjar Akureyrar.

A-109/b/14. "Lýsing á skipulagi Akureyrarkaupstaðar" Greinargerð með uppdrættinum frá 1927 með reitanúmerum og lýsingum á hverjum reit. Undirritað í Reykjavík 12. júlí 1926 af Guðmundi Hannessyni og Guðjóni Samúelssyni. Aftast er viðauki á lýsingu á skipulagi og er hann dagsettur í Rv. 30 ágúst 1927 og undirritaður af Geir. Zoega, Guðmundi Hannessyni og Guðjóni Samúelssyni.

A-109/b/11 Aðalskipulag Ak. 1990-2010, staðfestur uppdráttur.

A-109/b/10 Aðalskipulag Ak. 1990-2010, greinargerð með uppdr. tekin saman af Finni Birgissyni. Skipulagsdeild Ak. 1991.

A-109/b/13 Aðalskipulag Ak. 1998-2018, Tillaga

A-109/b/2 Miðbæjarskipulag. "Miðbær Akureyrar. greinargerð með skipulagstillögum". feb. 1979. Unnið af Arkitekta – og verkfræðistofunni s.f. og dagsett. 16. feb. 1979 og undirritað af Haraldi V. Haraldssyni og Svani Eiríkssyni

A-109/b/3. Tillögur skipulagsnefndar til bæjarstjórnar Akureyrar að nýju deiliskipulagi miðbæjarins 1979-2000. (samþykkt í bæjarstjórn 24.4.1979)

Fundargerðir byggingarnefndar 1863-(vérlitað)

Fundargerðir bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar 1862-(vérlitað)

Óskráð eldri kort yfir Akureyri

Skipulags- og byggingardeild Akureyrarbæjar:

Teikningasafn: Húsateikningar

Skipulagskort

Ráðhústorg- Skátagil, Samkeppnisgögn, Ak. 1987.

Prentaðar heimildir:

Guðmundur Hannesson: *Um skipulag bæja*, Rv. 1916.

Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar I-IV*. Ak.1990-2004.

Hjörleifur Stefánsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Oddeyri, húsakönnun*, Akureyri 1995.

Hjörleifur Stefánsson: *Akureyri, Fjaran og Innbærinn, Byggingarsaga*, Rv.1986.

Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar*, Ak. 1948.

Páll Líndal: „ Um skipulag í Akureyrarbæ og öðrum bæjum hér á landi“. *Norðurland 13. feb. 1904*.

Páll Lýðsson: *Bæirnir byggjast*, Reykjavík 1982.

Steindór Steindórsson: *Akureyri, höfuðborg hins bjarta norðurs*. Rv. 1993.

Zóphónías Pálsson: *Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938-1988*. Rv. 1990.

Höfundar ljósmynda:

Eðvarð Sigurgeirsson (E.S.)

Gísli Ólafsson (G.Ó.)

Hallgrímur Einarsson (H.E.)

Hörður Geirsson (H.G.)

Sverrir Pálsson (S.P.)

Vigfús Sigurgeirsson (V.S.)